



Landsáætlun- þjónusta til framtíðar

KARÓLÍNA
GUNNARSDÓTTIR,
ÞROSKAÞJÁLFI

Ég um mig frá mér til mín

Þroskapjálfi í 40 ár

Vann á altækri stofnun, sambýli, ráðgjöf til foreldra fatlaðra barna og síðustu ár í stjórnun og innleiðingu nýrra vinnubragða hjá sveitarfélagi.

Breytingarnar í allri umgjörð, lagaverki og hugmyndafræði eru ótrúlega miklar.

Ég var skipuð í vinnu við Landsáætlunina af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Landsáætlun – hópur 1

Í hópnum voru fulltrúar hagsmunasamtaka, ráðuneyta, Hagstofunnar og ég.



Tókum fyrir greinar nr. 1, 2, 3, 4, 31 og 33.



Mitt áhugasvið varðandi áætlunina var annarsvegar tölfræði og miðlun upplýsinga og hinsvegar fagleg þekking í þjónustu við fatlað fólk, réttur allra til almennrar þjónustu og að koma á framfæri mínum skoðunum á réttindagæslu.

Hópavinna

Starf mitt sem stjórnandi í félagsþjónustu sveitarfélags litaði að sjálfsgöðu mitt viðhorf til vinnunnar í hópnum.

Hópurinn var mjög öflugur, mikil áhersla út frá þeim hagsmunahópum fatlaðs fólks sem voru í hópnum.

Ekki mikil átök, allir sammála um stærstu málin.

Ekki mikil áhersla á faglegan þátt þjónustunnar en þó almenn áhersla á samþættingu allra kerfa í þjónustunni auk áherslu á að unnið sé eftir gagnreyndum aðferðum.

Það tókst...

Það var ótrúlegt þrekvirki að klára þessa vinnu og þeir sem það gerðu eiga heiður skilið – svo er bara að fara að framkvæma.

Öll þau áhersluatriði sem farið var í gegn um samræmast vel gildum þroskaþjálfra að mínu mati.

Aukið jafnrétti, aukið aðgengi, aukin þátttaka fatlaðs fólks í samfélaginu o.s.frv. þroskaþjálfar eiga mjög auðvelt með að samþykkja það.

En eitt er að breyta lögum, setja fram stefnur og vekja athygli á þessum málum en annað er að samfélagið fari að vinna eftir þeim leikreglum sem settar verða.

Hlutverk þroskaþjálfra

Almenn þjónusta sem hefur ekki verið aðgengileg fyrir fatlað fólk mun verða það skv. lögum ef Landsáætlunin nær þeim markmiðum sem þar eru sett fram.

En það er ekki nóg. Almennu þjónustuna vantar þekkingu á því hvernig aðlaga á almenna þjónustu að mismunandi hópum fatlaðs fólks.

Og það er styrkur þroskaþjálfra að finna leiðir til að virkja fatlað fólk, börn og fullorðna, í samvinnu við þau, út í samfélagið og hjálpa þeim sem þar eru og eiga að veita þjónustu að finna leiðir.

Hlutverk þroskaþjálfar

Kynningarmál. Þroskaþjálfar þurfa að vera málsvarar jafns réttar. Við vinnum þar sem fatlað fólk fær þjónustu. Verum málsvarar jafnra tækifæra.

Nám þroskaþjálfar þarf að vera praktískt þarna – hvað nýtist fötluðu fólki út í þjóðfélaginu. Við þurfum að benda á leiðir og aðferðir til að jafna tækifæri.

Fatlað fólk á í dag ekki jafnan rétt til heilbrigðisþjónustu á við aðra. Það þarf meira en lagabreytingar til að breyta því. Þarna þurfa þroskaþjálfar, fatlað fólk og aðstandendur að taka höndum saman og breyta viðhorfum.

Framtíðin

Til að breyta þurfum við að hafa tölfræði. Skiptir miklu máli að við séum á landsvísu að að bera saman sambærilegar stærðir t.d. þegar verið er að úthluta fjármagni.

Skiptir öllu máli að til verði Mannréttindastofnun og að þangað fari réttindagæslan og hún verði eflid og standi undir nafni.

Samþætting, samráð teymisvinna, áætlanir um þjónustu sem styðja við valdeflingu fatlaðs fólks.
Lög um þjónustu við fatlað fólk verða að hjálpa okkur en mega ekki flækja málin of mikið.